

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 16. maí 2011

Efni: Viðbótarumsögn um þskj. 1223 — 704. mál á 139. löggjafarþingi 2010–2011, að beiðni efnahags- og skattanefndar

Þegar undirrituð mættu fyrir nefndina þann 10. maí sl., var óskað eftir því að þeir punktar sem við lögðum áherslu á fyrir nefndinni yrðu teknir saman og sendir nefndinni sem hluti af umsögn okkar um frumvarpið. Hér að eftir fara þessi punktar. Vinsamlegast athugið að um óformlega punkta er að ræða, sem unnir voru upp úr athugasemdum okkar sem sendar voru til nefndarinnar þann 04. maí síðastliðinn.

Við hjá Deloitte fögnum því að hæfisskilyrði laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og stafsemi lífeyrissjóða eru skýrð og þar með gerðar auknar kröfur til stjórnarmanna lífeyrissjóða. Verður jafnframt að lýsa yfir vonbrigðum með hve mörg matskennd atriði er þar að finna sem og að undantekningar skipa stóran sess í frumvarpinu. Það hlýtur að vera endanlegt markmið að fé sjóðsfélaga ávaxtist og ekki komi upp atvik þar sem stjórnarmenn eða framkvæmdastjóri þurfi að svara fyrir einhvers konar misgjörðir með tilheyrandi kostnaði fyrir sjóðsfélaga.

Við leyfum okkar að flokka ákvæði frumvarpsins í tvö flokka, það sem að okkar mati er í lagi og skoðast þannig að almennt ríki ánægja um þau ákvæði og síðan þau sem að okkar mati eru ekki í lagi, en þar eru gerðar athugasemdir við hverja málsgrein.

Í lagi

- 1.mgr. 1.gr. um hæfi. Greinin er góð en þó þykir okkur 10 ára bið frá dómsuppkvaðningu langur tími sem getur verið íþyngjandi og í ósamræmi við nýlega lagapróun, t.d. nýlegar breytingar á fyrningu vegna gjaldþrota. Þetta er þó í takt við sambærilegt ákvæði í lögum um fjármálafyrirtæki.
- 2.mgr. 1.gr. er mjög gott ákvæði og í takt við lög um fjármálafyrirtæki og váttryggingastarfsemi.
- 3. mgr. 1. gr. um starfsmenn lífeyrissjóða í stjórn dótturfélags, ætli að geta gengið upp svö fremi sem túlkunin verður ekki rúm.

- 7.mgr. 1. gr. þar sem fjallað er um frkv.stj sem sjái um daglegan rekstur, en taki ekki óvenjulegar og mikilsverðar ákvarðanir. Mjög eðlilegt ákvæði og í takt við lög um hlutafélög o.fl.
- Í a. lið 2.gr. er fjallað um þrengingu á 2. málslið 3. mgr. 36. gr. laganna. Deloitte hf. fagnar því að hlutabréf séu sérstaklega tilgreind. Þetta styrkir þá heimild lífeyrissjóðanna að geta fjárfest í lífvænlegum félögum, sem ástunda góða stjórnarhætti.

Ekki í lagi

- 4.mgr. 1.gr. Samkvæmt greininni getur starfsmaður annars eftirlitsskylds aðila tekið sæti í stjórn lífeyrissjóðs ef hann er kosinn eða skipaður úr hópi sjóðsfélaga, að því gefnu að FME samþykki skipunina. Í fyrsta lagi er þetta ákvæði óþarft þar sem það ætti að vera auðvelt að fá aðra hæfa stjórnarmenn til starfa en þá sem greinin tekur til. Í öðru lagi gengur þetta ekki upp af praktískum ástæðum. Eins og kosningum er almennt háttað í stjórnir lífeyrissjóða, þá eru aðilar kosnir á aðalfundi lífeyrissjóðs. Sé aðili kosinn á slíkum fundi sem þarf undanþágu þá þarf að sækja um slíka undanþágu frá FME. Það tekur mjög langan tíma að fá einhver svör frá FME, svo að stjórnarmaður getur ekki tekið sæti sitt fyrr en mat liggur fyrir. Það verður því ekki gengið frá kosningu slíks stjórnarmanns á aðalfundi, nema formlegt mat FME liggir fyrir, fyrir fund. Aðeins nánar um mat FME í næsta lið.
- Í 5.mgr. 1.gr. er heimild til að sitja í fleiri en einum lífeyrissjóði með beinni heimild frá FME. Aftur er það háð sérstöku mati FME. Það er að okkar mati í hæsta máta óeðlilegt að FME gefi grænt ljós á sérstakt hæfi ákveðins aðila til setu í stjórn lífeyrissjóðs, þar sem FME á svo að fara með eftirlit með sama aðila og þá jafnvel fara að efast um ákvarðanir þessa aðila og hæfi hans til að taka þær.
- 6.mgr. 1. gr. „búa yfir nægri þekkingu og starfsreynslu“

Þetta ákvæði er allt of opið og teygjanlegt. Hver á að meta þetta? FME? Eða einhver annar? Er nægilegt að menn standist hæfnisprófið hjá FME eða á að fara að setja e-r sérstakar hæfisreglur?

- 8.mgr. 1.gr. Frkv.stjóri getur tekið þátt í atvinnurekstri með heimild stjórnar – og svo hinn bráðskemmtilegi „óverulegur hlutur“. Hvað felst í að eiga óverulegan hlut? Að mati Deloitte á þetta ákvæði að vera alveg úti. Það ættu að vera nægir kandidatar í þessi störf án þess að viðkomandi taki þátt í atvinnurekstri og að mati Deloitte á það ekki að vera sett í hendur stjórnar hvers lífeyrissjóðs að meta slíkt. Eins er merkilegt að þrátt fyrir öll þau vandkvæði sem stjórnvöld og dómstólar eiga í við að skilgreina verulegan og óverulegan hlut í hinum ýmsu tilvikum vegna hrunsins sé ekki sett inn t.d. ákveðin prósentu eignarhlutar. Er óverulegur hlutur 19,9%, eins og sumir fyrrum bankaeigendur haida fram, 12% eða 5%? Eins má benda hér á að það er mögulegt að viðkomandi aðili gæti talist skuggastjórnandi vegna fyrri áhrifa sinna í fyrirtæki, jafnvel þótt eignarhlutur hans sé óverulegur.

- 9.mgr. 1. gr. um menntun og starfsreynslu með þeim hætti að tryggt sé að hann geti sinnt starfi sínu. Þetta ákvæði er allt of matskennt. Hér þarf að gera kröfu um ákveðna menntun, t.d. háskólamenntun í viðskiptafræði/hagfræði eða sambærilega menntun. Samsetning stjórnar getur annars haft veruleg áhrif á mat á hæfi framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri er kosinn af stjórn og það er undir stjórn komið að meta þetta. Hlutverk lífeyrissjóða er að ávaxta fé sjóðsins og sjá til þess að ávöxtunin fari ekki undir 3,5% á ári. Að sjálfsögðu verður framkvæmdastjóri sjóðs að hafa þekkingu og menntun á þessu sviði svo unnt sé að standa við lágmarks kröfur sjóðsins.
- Í b. lið 2. gr. er vísað til þess að engar hömlur eigi að vera með hlutdeildarskírteini eða aðra sameiginlega fjárfestingu skv. 8. tölulið 1. mgr. 36. gr. laganna, nema um „eðlilegan viðskiptalegan tilgang“ sé að ræða sem „gæti hagsmuna fjárfesta“. Fyrri hluti ákvæðisins er til þess fallinn að hafa opin og gagnsæ viðskipti, en seinni hluti ákvæðisins er svo matskenndur að hann í raun tekur fyrir að fyrri hluti ákvæðisins verði virkur. Það nær ekki tilgangi sínum að setja ákvæði sem síðan er gert marklaust með svo viðtækri og matskenndri undantekningu.

Bráðabirgðaákvæði 3. greinar frumvarpsins. Eins og berlega hefur komið í ljós erum við hjá Deloitte ekki hrifin af því að vera með bráðabirgðaákvæði í lögum. Þessi takmarkaða hrifning helgast kannski helst af því að við vinnum mikið með skattalög sem eru að verða ólæsileg vegna bráðabirgðaákvæða. Þetta tiltekna ákvæði kann að vera skiljanlegt í því viðskiptaumhverfi sem er á Íslandi í dag. Þó ber að benda á að þau skilyrði sem talin eru upp í greinagerð með frumvarpinu, þ.e. 21.-23. gr. laga um hlutafélög, eru ekki þess eðlis að undanþága eigi að heimila fjárfestingar lífeyrissjóða. Það er ákvörðun stjórnar hlutafélags hverju sinni ef hömlur eru á meðferð hlutabréfa, en sama stjórn getur með sama hætti aflétt öllum þeim hömlum sem þarf, sem væri mun heppilegri leið, til að tryggja gagnsæi og góða

Virðingarfyllt
f.h. Deloitte



Hólmfríður Kristjánsdóttir
Lögfræðingur
Skatta- og lögfræðisviði



Pétur Steinn Guðmundsson
Lögfræðingur
Skatta- og lögfræðisviði